

Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum, 458. mál.**

Sífellt viðameiri þáttur í starfi aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins snýr að brotum á vinnumarkaði gagnvart útlendingum sem starfa hér á landi. Þessi brot birtast með ýmsum hætti, allt frá því að þurfa að leiðréttla einstaka launaseðla uppí mjög alvarleg mansalmál.

Við búum svo vel að vera með lagasetningu sem lögbindur í raun kjarasamninga sem lágmarks kaup og kjör (lög 55/1980) en það þarf að efla tæki og úrræði til að hægt sé að koma í veg fyrir félagsleg undirboð. Frumvarpið sem hér um ræðir er mikilvægt skref í þá átt og má þar sérstaklega nefna útvíkkun á gildissviði laga nr. 45/2007, innleiðingu keðjuábyrgðar vegna starfsmanna innlendra og erlendra starfsmannaleiga í öllum atvinnugreinum og í ákveðnum greinum vegna starfsmanna annarra erlendra þjónustufyrirtækja og veitingu tímabundins atvinnuleyfis fyrir fórnarlömb mansals.

Að mati Starfsgreinasambandsins gengur frumvarpið of skammt ef eitthvað er hvað varðar breytingar á lögum nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn þar sem keðjuábyrgðin er einungis bundin við byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð en auk þeirrar greinar er fullt tilefni til að hafa áhyggjur af velferð fólks í ferðaþjónustunni.

*Frumvarpið er unnið í samstarfi og samráði við aðila vinnumarkaðarins og telur framkvæmdastjórn Starfsgreinasambandsins brýnt að það verði að lögum sem fyrst.*

Að öðru leyti er vísað í umsögn Alþýðusambands Íslands

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Drífa Snædal, framkvæmdastjóri